



Árgangur 8.bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámsskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007*.

Inntak

Dægradvöl, ferðalög, tölvur, náttúran, fjölskyldan, atvinna, tónlist, markmiðssetning, íþróttir, auglýsingar og upplýsingar. Málfræði, hlustun, ritun, lestur, bókmenntir.

Námsgögn

Beaumont, Digby. 1998. The Heineman ELT. *Elementary English Grammar*. Macmillan Education, Oxford.

Burton, SH. 1997. *Eight Ghost Stories*. Longman, Edinburgh

Carlson, Babro; Sjöholm, Lena. 1987. *Let's Listen 2*

Dean, Michael. 2002. *Test Your Reading*. Penguin English, Essex.

Spencer-Kepczynska, Joanna. 2005. *Matrix, Foundation Workbook*. Oxford University Press, Oxford.

Wildman, Jayne. 2005. *Matrix, Foundation Student's Book*. Oxford University Press, Oxford.

Enskar málfræðiæfingar A, B og C. Mál og Menning, Reykjavík.

Ýmis lesskilningsverkefni. og ritunarverkefni

Kennsluskipan

Skólaárið skiptist í 3 annir og kenndar verða 4 stundir á viku.

Hlustun

Hlustað er á stuttar sögur þar sem nemendur þurfa að ná aðalatriðum og svara spurningum. Einnig er það hlustunarefni sem fylgir grunnefninu notað samhliða vinnu með orðaforða og lestri.

Málnotkun

Lögð verður áhersla á að nemendur tali ensku í kennslustundum. Unnið er með orðaforðaæfingar út frá inntaki kennslubókar. Munnleg skil eru á lesefni og þemaverkefnum. Orðaforði er þjálfður með hlustun, tali, lestri og ritun.

Nafnorð og greinir, Nútið og þátið sagna, lýsingarorð og stigbreyting þeirra, reglulegar og óreglulegar sagnir, spurnarforöfn, eignarfall og forsetningar verður stærsti hluti þeirrar málfræði sem kennd verður.

Lestur

Nemendur lesa smásögur, léttar skáldsögur og blaðagreinar. Nemendur skila ritgerð/samantekt úr lesefni.

Ritun

Nemendur skrifa í hverri viku ýmis ritunarverkefni að eigin vali eða eftir fyrirmælum kennara. Ritun á sér einnig stað í þemavinnu.

Námsmat

Tvíþætt námsmat: Prófseinkunn og Vinnueinkunn.

Á annarprófum er prófað að hluta úr ólesnu efni sem tengist samt þeim

viðfangsefnum sem farið hefur verið í. Prófað er í málfræði, hlustun, lesskilningi og ritun. Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn.

Verkefni sem nemendur vinna í kennslustundum og heima eru einnig metin til einkunnar s.s. stílar, lesskilningsverkefni, framsögn, hópverkefni, orðaforðapróf, sagnapróf og stutt ritunarverkefni.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til mats auk þess er vægi prófa 30% innan vinnueinkunnar. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn.

Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.

Í hraðferðarhópnum eru settar fram tilteknar kröfur um árangur.

Í meiriferð er gerð krafa um að nemandi nái sjö í einkunn í hverri lotu. Nemandi sem nær ekki sjö fær stuðning í 2-3 kennslustundir og endurtekur þá lotuna. Nái nemandinn þá sjö heldur hann óhindrað áfram.

Árgangur 9. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámsskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007.*

Inntak náms

Nemendur hlusta, tala, lesa og skrifa í þeim tilgangi að tileinka sér orðaforða. Einnig er áhersla lögð á málfræði. Efnið sem fjallað verður um er:

Samskipti, að slá í gegn, Heimili og fjölskylda, Líkami og sál, Framtíð Jarðarinnar, Að víkka sjóndeildarhringinn, Íþróttir, Ótrúlegt en satt, Tími breytinga, Út í heim.

Námsgögn

Bagley, Desmond. 2003. *The Enemy*. Oxford Bookworms Library, Oxford.

Barker, Ray. Fidge, Louis. 2000. *Key Stage 2, Literacy Activity Book*. Letts Educational, London.

Beaumont, Digby. 1998. The Heineman ELT. *Elementary English Grammar*. Macmillan Education, Oxford.

Duckworth, Michael, Kathy Gude. 2005. *Matrix Pre-Intermediate.Studentsbook*. Oxford University Press.

Heyer, Sandra. 1993. *Even More True Stories*. Longman, Essex.

McBain, Ed. 2001. *The King's Ransom*. Oxford Bookworms Library, Oxford.

Nixon, Rosemary with Michael Duckworth, Kathy Gude. 2005. *Matrix Preintermediate. Workbook*. . Oxford University Press.

Stevenson, R.L.2001.*Dr. Jekyll and Mr. Hyde*.Oxford Bookworms, Oxford.

Léttlestrarbækur að eigin vali.

Kvikmyndir.

Ýmis kennsluforrit

Kennsluskipan

Skólaárið skiptist í 3 annir og kenndar verða 4 kennslustundir á viku

Hlustun

Auk hlustunarefnis með grunnbók hlusta nemendur og horfa á myndbandsefni, hlusta á eina sögu á önn, hlusta á lög og fylla inn í eyður. Efni úr gömlum samræmdum prófum er einnig lagt fyrir af og til þar sem nemendur þurfa að ná ákveðnum upplýsingum.

Málnotkun

Áhersla er lögð á að nemendur lesi upphátt og tali ensku í kennslustundum. Einnig kynna þeir valin verkefni fyrir bekkjarfélögum. Málfræðiupprifjun á fyrstu önn, spurnarforöfn, lýsingarorð, tíminn, forsetningar, samsett nútíð og þátíð, framtíð og hjálparsagnir. Haldið áfram að þjálfva notkun sagna.

Lestur

Á þessu aldursstigi eykst vægi lestrar enn frekar og textarnir sem nemendur lesa þyngjast og lengjast. Auk léttlestrarbóka og smásagna lesa nemendur greinar um málefni líðandi stundar og vinna verkefni samhliða þeim. Lesefni fylgja margvísleg verkefni t.d. efnisspurningar, stílar, samantekt, krossgátur, eyðufyllingarverkefni og málfræðiverkefni.

Ritun

Ritunarverkefni eru margvísleg. Á hverri önn vinna nemendur eitt stórt ritunarverkefni sem metið er sérstaklega til einkunnar. Ýmis þemaverkefni. Auk þess eru ýmis styttri ritunarverkefni. Nemendur gera stutta samantekt úr því lesefni sem tekið er fyrir hverju sinni og skila til kennara. Öll verkefni hafa vægi í námsmat.

Námsmat

Tvíþætt námsmat: Prófseinkunn og Vinnueinkunn.

Á annarprófum er prófað að hluta úr ólesnu efni sem tengist samt þeim viðfangsefnum sem farið hefur verið í. Prófað er í málfræði, hlustun, lesskilningi og ritun. Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn. Verkefni sem nemendur vinna í kennslustundum og heima eru einnig metin til einkunnar s.s. stílar, lesskilningsverkefni, framsögn, hópverkefni, orðaforðapróf, sagnapróf og stutt ritunarverkefni.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til Mats en auk þess er vægi prófa 30% innan vinnueinkunnar. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn. Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.

Í hraðferðarhópnum eru settar fram tilteknar kröfur um árangur.

Í meiriferð er gerð krafa um að nemandi nái sjö í einkunn í hverri lotu. Nemandi sem nær ekki sjö fær stuðning í 2-3 kennslustundir og endurtekur þá lotuna. Nái nemandinn þá sjö heldur hann óhindrað áfram.

Árgangur 10. bekkur.

Markmið

Sjá *Aðalnámsskrá grunnskóla: Erlend tungumál 2007*.

Inntak náms

Lögð er áhersla á að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð og þrói þá þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér. Helstu efnisþættir eru; Unglingurinn og sjálfmyndin. Frægð og frami. Samskipti. Framtíðin. Leikarar og sögufrægar persónur. Bókmenntir. Kvikmyndir. Fjölmíðlar. Tölvur.

Námsgögn

American Crime Stories. 2002. Oxford Bookworms Library, Oxford.
Border, Rosemary. 1989. *Ghost Stories*. Oxford Bookworms Library
Gude, Kathy. 2006. *New Matrix Intermediate student's book*. Oxford University Press, Oxford.
Haines, Simon. Steward, Barbara. 1997. *New First Certificate, Masterclass*. Oxford University Press, New York.
Heyer, Sandra. 1993. *Even More True Stories*. Longman, Essex.
Kristjánsson, Ingólfur B. 2008. *Bits and Pieces in English spelling*. Skólavefurinn ehf, Reykjavík.
McCallum, George P. 1990. *Unsolved Mysteries*. Nelson, London.
Rossner, Richard. 1988. *The Whole Story*. Longman, Essex
Splinters. 2001. Edited by Richard Baines. Oxford University Press, Melbourne.
Waiting for the Police. 1989. Elísabet Gunnarsdóttir, íslenskaði. Mál og menning, Reykjavík.
Wildman, Jayne. 2007. *New Matrix Intermediate workbook*. Oxford University Press, Oxford.
Kvikmyndir og greinar úr blöðum og tímaritum.

Kennsluskipan

Hlustun

Virk hlustun er mikilvæg, þ.e. hlustunaræfingar á snældum þar sem nemendur eiga að svara spurningum eða hlusta eftir ákveðnum atriðum. Við þjálfun á þessum þætti er notast við hlustunaræfingar úr eldri samræmdum prófum, smásögur, skáldsögur og verkefni.

Málnotkun

Hlutverkaleikir þar sem nemendur tala saman tveir og tveir.

Rík áhersla er lögð á að nemendur vinni sjálfstætt við að auka orðaforða sinn jafnt og þétt og geri sér grein fyrir einkennum nafnorða, lýsingarorða, sagnorða, atviksorða, nútíð og þátíð. Nemendur lesa bók að eigin vali og kynna hana fyrir bekkjarfélögum á ensku. Munnlegt próf á vorönn.

Lestur

Mikil áhersla er lögð á að nemendur lesi sem mest. Reynt er að hafa textaval eins fjölbreytilegt og kostur er. Auk hefðbundins námsefnis lesa nemendur margar smásögur, skáldsögur og ýmsar blaðgreinar, þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar. Við lesturinn er aðaláhersla lögð á leitar- og yfirlitslestur. Nemendur vinna verkefni úr skáldsögum og skila gagnrýni úr sumum þeirra. Aukin áhersla er á að nemendur geti lesið fræðsluefni, bókmenntir, greinar í tímaritum, upplýsingabæklinga og leiðbeiningar.

Ritun

Nemendur skrifa bókagagnrýni, stíla, sögur, um áhugamál og útdrætti úr sögum. Ýmis þemaverkefni þar sem nemendur hafa frjálst val um ritun. Markvisst er unnið að því að nemendur læri að stafsetja rétt ýmis algeng orð í ensku sem reynst hafa erfið.

Námsmat

Tvíþætt námsmat: Prófseinkunn og Vinnueinkunn.

Á annarprófum er prófað að hluta úr ólesnu efni sem tengist samt þeim viðfangsefnum sem farið hefur verið í. Prófað er í málfræði, hlustun, lesskilningi og ritun. Prófseinkunn er vegið meðaltal einkunna frá hausti. Við lok haustannar er reiknað meðaltal prófa sem þá hafa verið tekin. Við lok miðannar er reiknað meðaltal allra prófa frá hausti og meðaltal þeirra færð sem prófseinkunn. Að vori lagt fyrir próf úr öllu námsefni vetrarins og gildir það próf 50% á móti öllum öðrum prófum sem tekin hafa verið frá hausti.

Vinnueinkunn er safneinkunn líkt og prófseinkunn.

Verkefni sem nemendur vinna í kennslustundum og heima eru einnig metin til einkunnar s.s. stílar, lesskilningsverkefni, framsögn, hópverkefni, orðaforðapróf, sagnapróf og stutt ritunarverkefni.

Vinnueinkunn í lok haustannar er meðaltal þeirra þátta sem þá hafa verið teknir til Mats en auk þess er vægi prófa 30% innan vinnueinkunnar. Við lok miðannar er samskonar mat og breytist það eitt að matsþáttum hefur fjölgað frá haustönn.

Vinnueinkunn að vori er með sama hætti og á miðönn afrakstur vinnu nemandans frá hausti.